

9. júní 1893 til borgunardags; að öðru leyti skal hjeradsdóminum óraskað. Stefndi greiði áfrýjanda í málskostnað fyrir yfirdómi, eins og málið hefði eigi verið gjafsóknarmál, 25 kr., þar á meðal málflutningslaun til hins skipaða talsmanns áfrýjanda fyrir yfirdómi cand. juris Hannesar Thorsteinson 15 kr. Dóminum að fullnægja innan 8 vikna frá lögbirtingu hans undir aðför að lögum.

Nr. 26/1894: Eyjólfur Jónsson og 6 börn hans
 gegn
 skiptaráðandanum í fjelags og dánarbúi hans og Ingibjargar Þórarinsdóttur, sýslumanni Franz Siemsen, H. Linnet o. fl.

D ó m u r :

Með stefnu, dags. 26. júní þ. á., hefur Eyjólfur Jónsson í Katrínarkoti á Álptanesi og börn hans, Jón, Eyjólfur, Þórarinn, Bjarni, Katrín og Ingibjörg áfrýjað til yfirdómsins skiptum á fjelags- og dánarbúi nefnds Eyjólfss Jónssonar og látinnar konu hans, Ingibjargar Þórarinsdóttur, er leidd voru til lykta fyrir skiptarjetti Kjósar- og Gullbringusýslu 6. nóv. f. á., og jafnframt úrskurði, er kveðinn var upp í búi þessu 11. nóv. 1892. Hefur hvorum tveggju rjettargjörðum þessum verið áfrýjað áður til þessa rjettar með stefnu dags. 9. jan. þ. á., en málinu var þá vísað frá yfirdóminum með dómi uppkveðnum 28. maí þ. á.

Af hálfu áfrýjendanna hefur þess verið krafizt, að

hin áfrýjada skiptagjörð verði úr gildi felld, að úrskurð urinn 11. nóv. 1892 verði úr gildi felldur og breytt þannig, að skiptaráðandi sje skyldur til að taka til greina kaupkröfu í búið af hendi ofanefndra barna Eyjólfss Jónssonar samkvæmt samningi, dags. 20. marz 1889, sem hinn áfrýjaði úrskurður hljóðaði um, og að hinir stefndu verði dæmdir in solidum til að greiða áfrýjendunum 50 kr. í málskostnað. Hinir stefndu hafa krafizt þess, að stefnunnni verði frá vísað, að því er hinn áfrýjada úrskurð 11. nóv. 1892 snertir, eða að hann verði staðfestur, að hin áfrýjuðu skipti verði staðfest og að áfrýjendurnir verði in solidum dæmdir til að greiða þeim hæfilegan málskostnað.

Samkvæmt skiptalögum 12. apríl 1878, 96. gr., skal áfrýja úrskurðum, er upp eru kveðnir meðan á skiptum stendur, innan 12 vikna frá því, er þeir eru kveðnir upp, og er engin heimild fyrir lengri áfrýjunarfresti, þó að úrskurðunum sje áfrýjad ásamt skiptagjörðinni sjálfri, sbr. einnig 39. gr. skiptalaganna. Að því ofangreindan úrskurð 11. nóv. 1892 snertir, var því áfrýjunarfrestur löngu liðinn, er honum var áfrýjad fyrra skiptið 9. jan. þ. á., og með því að uppreist hefur þó eigi verið fengin til að áfrýja honum, verður, eins og hinir stefndu hafa krafizt, að vísa stefnunnni í máli þessu frá að því til hans kemur.

Það verður þannig eigi á annað að líta í máli þessu, eins og það liggur fyrir yfirdóminum, en skiptagjörðina 6. nóv. f. á. sjálfa, en yfir henni hafa áfrýjendur eigi annað að kæra en það, að í henni sje lagður til grundvallar fyrir skiptalokunum optnefndur úrskurður 11. nóv. 1892, er neitaði að taka til greina fyrnefnda kaup- eða samningskröfu barna Eyjólfss Jóns-

sonar, en þar sem eigi verður haggð við úrskurði þessum í þessu máli, eins og áður er tekið fram, hlýtur niðurstaðan að verða sú, að skiptagjörðina 6. nóv. f. á. ber að staðfesta að öllu leyti. Eftir atvikum virðist málskostnaður mega falla niður.

Því dæmist rjett að vera :

Hin áfrýjaða skiptagjörð 6. nóv. 1893 á öröskuð að vera. Málskostnaður fellur niður.

Nr. 39/1894: Olafur Halldórsson og Páll Hafliðason
 gegn
 Einari Magnússyni.

D ó m u r :

Hinn 18. dag maímánaðar 1894 fór Ásmundur Sveinsson í umboði Páls Hafliðasonar þess á leit við sýslumanninn í Gullbringu- og Kjósarsýslu sem fógeta, að hann bæri stefnda Einar Magnússon út af ábýlisjörð sinni, en eignarjörð Páls Hafliðasonar Skrauthólum. Með úrskurði 13. júní 1894 neitaði fógétinn að framkvæma umbeðna útburðargjörð. Hefur nú Ásmundur Sveinsson fyrir hönd Olafs Halldórssonar og Páls Hafliðasonar áfrýjað þessum úrskurði til landsyfirdómsins, og hefur hann mætt hjer við rjettinn við fyrstu fyrirtekt sakarinnar, án þess að hafa fengið löggildingu til þess samkvæmt fyrirælum í 22. gr. tilsk. 11. júlí 1800. Það verður því að frávísa málinu, eins og stefndi einnig hefur krafzt, þótt sækjandi Páll Hafliðason hafi mætt sjálfur í rjettinum við seinni fyrirtekt þess. Eftir þess-